



SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Römm er sú taug

Gústaf Óskarsson og
Kristbjörg Markúsdóttir

„Jú, það var gott að vera á Ísafirði, við
þjuggum fyrst í íbúð í Krambúðinni í Neðsta,
mér fannst reyndar að ég væri ekkert á Ísafirði
fyrir en ég var komin upp í bæjarbrekkuna,
það var svo langt eitthvað niður í Neðsta“

— sjá bls. 6 — 9



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 28. apríl 2016 · 16. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*

Strandveiðin hefst á mánudag



Til sölu



Til sölu er einstök eign að Hafnarstræti 19, á Ísafirði, íbúð 201. Íbúðin sem er fimm herbergja, er endaíbúð í fjórbylí með sérinngangi og bílskúr. Einstakt útsýni er úr íbúðinni og staðsetning er í nálægð við alla helstu þjónustu. Sjón er sögu ríkari. Áhugasamir hafi samband í síma 8483411 eða 8923464 fyrir frekari upplýsingar.

Strandveiðitímabilið byrjar næsta mánudag, 2. maí, og ef veður leyfir má reikna með að margir haldi til veiða strax í upphafi tímabilsins. Alls eru 630 bátar á strandveiðum í fyrra. Í fyrra var leyfileg veiði 8.600 tonn en strandveiðimenn vonast til að strandveiðikvótinn verði aukinn í samræmi við veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Heildarkvóti í þorski hefur aukist síðustu ár og útlit fyrir meiri kvóta í næstu veiðiráðgjöf Hafró sem væntanleg er í júní.

Strandveiðin stendur út ágúst-mánuð og eru fjögur veiðisvæði við landið. Miðað er við ákveðið hámark mánaðarlega á hverju svæði. Heimilt er að róa mánudag til og með fimmtudags, en þó ekki á rauðum dögum. Aflahæsti báturinn í fyrra var Hulda SF með 40,2 tonn í 51 róðri.

Auglýsing/tilkynning

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps heldur fund fyrir félagsmenn í Stjórn-sýsluhúsinu á Ísafirði 28. apríl kl. 20:00.

Nýir félagsmenn eru boðnir velkomnir. Í lögum félagsins segir:

„Félagsmenn geta þeir orðið, sem eiga réttindi yfir fasteignum í fyrrum Sléttu- og Grunnavíkurhreppi, það er jörðum, einstökum lóðum og húsum.“

Stjórn félagsins mun kynna félagið og Hornstrandanefnd.

Gestur fundarins verður Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.



Kristinn H. Gunnarsson

– Sjónarmið –

Óvissan áfram um Dýrafjarðargöng

Áfram verður óvissa um framgang Dýrafjarðarganga eftir að ákveðið var að flyta til haustsins Alþingiskosningunum sem vera áttu vorið 2017. Óvissa verður í málinu þar til skuldbindandi samningar við verktaka hafa verið undirritaðir. Þegar það hefur verið gert má treysta því að síðar verði ekki verkinu seinkað eða jafnvel slegið af vegna þess að of dýrt er fyrir ríkið að rifta samningum.

Það var reynt

Á þetta reyndi vorið 1991. Þá hafði þáverandi samgönguráðherra Steingrímur J. Sigfússon undirritað fyrir Alþingiskosningarnar samning um Vestfjarðargöngin. Lögð var rík áhersla á það af stuðningsmönnum þáverandi ríkisstjórnarflokkanna á Vestfjörðum að haga framgangi jarðgangamálsins þannig að samningar væru frágengnir fyrir kosningar. Það reyndist skynsamlegt. Eitt fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar

undir forystu Davíðs Oddssonar var að leita leiða til þess að fresta málinu. Halldór Blöndal, hinn nýi samgönguráðherra lagði sig fram í þeim efnum og meðal annars var sérstaklega kannað hvort ekki væri hægt að hætta við jarðgangalegginn til Suðureyrar. Hvorugt reyndist fær leið fyrir ríkið og jarðgangaframkvæmdir hófust á árinu 1991 eins og til stóð og verkinu lauk á tilsettum tíma.

Það var gert

Í byrjun kjörtímabilsins, þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, var staða málsins þannig að Alþingi hafði samþykkt í samgönguáætlun að Dýrafjarðargöng yrðu gerð á árunum 2015–2018. Fjárveitingar voru í ríkisfjármálaáætlun og í samgönguáætlun. Gert var ráð fyrir að afla tekna að hluta til með álagningu veiðigjalds í sjávarútvegi. Nýr ríkisstjórn ákvað að lækka veiðigjaldið verulega og sló af fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar. Í fjárlagafrv. fyrir

2014 segir:

„Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir að fallið verði frá verkefnum sem ekki eru komin til framkvæmda eða eru enn óskuldbundin. Á þetta einkum við um verkefni sem falla undir fjárfestingaráætlun 2013–2015 sem fyrri ríkisstjórn veitti framlög til í fjárlögum 2013.“

Þar með var Dýrafjarðargöngum seinkað og málið sett í óvissu. Nú væri staðan sú að óbreyttu hvað varðar Dýrafjarðargöng að samningar lægu fyrir og framkvæmdir væru komnar vel af stað. Það er ekki svo að ágreiningur hafi verið við Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk, sem þá voru í stjórnarandstöðu. Öðru nær. Þingmenn þessara flokka greiddu atkvæði með samgönguáætluninni. Einar K. Guðfinnsson sagði við það tækifæri (19. júní 2012) að hann fagnaði því að Dýrafjarðargöngum yrði flýtt.

Á að trúna núna?

Nú er svipuð staða uppi og var fyrir síðustu Alþingiskos-

ningar. Ríkisstjórnin hefur unnið eftir þeirri áætlun að bjóða Dýrafjarðargöng út á þessu ári og ljúka samningum fyrir Alþingiskosningar vorið 2017. Það mun augljóslega ekki ganga eftir. Ríkisstjórnin hefur dregið það í rúmt ár að leggja fram samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018. Þar er hin pólitíska ákvörðun stjórnarmeirihlutans tekin og því þarf að afgreiða áætlunina. Í öðru lagi þurfa fjárveitingar til verksins að vera á fjárlögum. Fjárlög fyrir 2017 verða ekki afgreidd fyrir Alþingiskosningar í haust. Ríkisfjármálaáætlunin, sem er stefnumörkunin fyrir næstu ár, hefur ekki verið lögð fram og þaðan af síður verið afgreidd. Verkið verður ekki boðið út fyrir en síðla árs og tilboð liggja ekki fyrir en eftir áramót. Samningar verða aldrei gerðir fyrir en mörgu mánuðum eftir kosningar, ef nýr stjórnarmeirihluti hefur þá áhuga á málinu. Óvissan felst í því að málið verður algerlega opið í byrjun næsta kjörtímabils

og engin skuldbinding bindur hendur næstu ríkisstjórnar.

Innanríkisráðherra hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem segir að áformin um Dýrafjarðargöngin séu óbreytt. Forseti Alþingis tekur í sama streng og segir ábendingar um óvissu vera ys og þys út af engu. Formaður þingflokks Framsóknarmanna hefur gefið út yfirlýsingar um vilja sinn til þess að Alþingi festi málið betur í sessi fyrir kosningarnar. Um það er ekki efast að áformin eru óbreytt. Annað væri eitthvað skrytið svona skömmu fyrir kosningar. Það er í raun góðs viti að margir af forystumönnum stjórnarflokka ítreki stuðning sinn við Dýrafjarðargöng og nýjan veg yfir Dynjandisheiði. En eitt eru áform og annað eru efndir. Það skapar óvissuna. Það var núverandi ríkisstjórn sem hætti við að efna loforðin sem gefin voru fyrir síðustu kosningar.

Kristinn H. Gunnarsson

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



498
kr. kg

Danpo Kjúklingur
Danskur, heill, frosinn



200kr
verðlækkun



1.198
kr. 700 g

Rose Kjúklingalæri
Frosin, 700 g
Verð áður 1398 kr.



1.279
kr. 900 g

Euro Shopper Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g

GOTT Á GRILLIÐ

**VIÐSKIPTAVINIR
ATHUGIÐ**

**VERSLUN OKKAR
Á ÍSAFIRÐI
ER LOKUÐ**

1. MAÍ

**LÁGT
VERÐ
ALLA DAGA**



1.998
kr. kg

**Íslandslamb
Lambalærisssneiðar**
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar



2.598
kr. kg

**Íslandslamb
Lambalærisssneiðar**
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar



3.998
kr. kg

Íslandslamb Lambafillet
Kryddlegið, ferskt



2.598
kr. kg

**Íslandslamb
Lambakótilettur**
Kryddlegnar, ferskar



100%
Íslenskt
ungnautakjöt

4stk
80 g

579
kr. 2x140 g

549
kr. 2x120 g

598
kr. 4x80 g

**Íslandsnaut
Ungnautaborgarar**
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g



998
kr. kg

Ali Spareribs
Foreldað, ferskt

Foreldað
Aðeins að hita



998
kr. pk.

Stjörnugrís Grillpysur
10 stk. í pakka, 900 g



298
kr. pk.

**Kjarnafæði Bratwürste
eða Pólskar Pysur**
4 stk., 360 g



1.298
kr. kg

Bónus Grísakótilettur
Með beini, kryddaðar,
ferskar



1.298
kr. kg

**Bónus úrbeinaðar
Grísahnakkasneiðar**
Kryddaðar, ferskar

BONUS EKKERT BRUÐI



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **1. maí** eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Úpplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðunum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Salt í sárin

Það er bæði reið og hnípin þjóð sem hokrar þessa dagana á landinu fagra, landi sem er svo norðarlega að það telst vart byggilegt. Sárin frá 2008 hafa nú verið rifin upp og okkur blæðir. Hvernig má það vera að starfsmenn, stjórnarmenn og fulltrúar stjórnmálaflokka haga sér með þeim hætti sem nú er öllum ljós, hvernig getur það gerst að fyrrum ráðherra og seðlabankastjóri leyfir sér að svindla og svíka eins og komið hefur í ljós. Við vorum með forsætisráðherra sem geymdi fé sitt í skattaskjólum, gerði kröfur á banka og samdi svo fyrir okkar hönd við sjálfan sig, sagði engum frá og skammast sín ekki neitt. Við erum með fjármálaráðherra sem vílaði og dílaði með upplýsingar um hann sjálfan í skjólum, hann barðist ekki beint af hörku fyrir því að upplýsingarnar bærust til skattstjóra, þvert á móti. Hann sagði heldur engum frá og er ekkert nema hrokinn. Við erum með menntamálaráðherra sem skellir skólahurðinni á nefið á þeim sem vilja í menntaskóla séu þeir orðnir 25 ára eða eldri, menntamálaráðherra sem nú vill lækka námslán til nemenda erlendis, lán sem ekki eru beysin fyrir. Það fer lítið fyrir metnaði fyrir menntun þjóðar hjá ráðherranum sem þagði sömuleiðis fram í rauðan dauðann um leigusalan sinn og fyrirgreiðslu honum til handa.

Ög við biðum eftir fleiri fréttum, bankarnir voru ryksugaðir fyrir hrun og smátt og smátt er að koma í ljós hvert heimilissilfur þjóðarinnar fór og mun fara ef við höldum þessari meðvirkni áfram. Við eigum fullt af heiðarlegum stjórnmálamönnum og við þurfum að nota vitið sem okkur var gefið þegar í kjörklefann er komið, höfnum spillingarpésunum, það ætti ekki að vera flókið. Það þarf að taka þátt í starfi stjórnmálaflokka og hjálpa til við val á framboðslistum, sneiða hjá þeim hafa svo mikið sem tyllt litlu tanni á hin illræmdu Aflönd, líka þeim sem hafa snargleymt því að þeir ættu þessi félög en muna svo sannarlega mætavel að þau voru gefin upp til skatts!

Nú er lausnin ekki sú að slökkva á fréttum og fara bara út að hlaupa, við berum öll ábyrgð á þeim við veljum á þing og það er þar sem er hægt að spyrna við fótum, leggja steina í götu þessara ótíndu glæpamanna sem purkunarlaust ræna okkur.

Þetta er ólíðandi.

BS

Spurning vikunnar

Ert þú sáttur með sjötta framboð Ólafs Ragnars?

Alls svöruðu 581.

Já, mjög svo og mun kjósa hann, sögðu 293 eða 51%

Já, en mun samt ekki kjósa hann, sögðu 37 eða 6%

Mér er slétt sama, sögðu 52 eða 9%

Nei, sögðu 199 eða 34%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Gönguskiðahópur SFÍ á Andrésarleikunum. Mynd: Guðmundur Ágústsson.

Mikil gleði á Andrésarleikunum

Krakkar úr Skíðafélagi Ís-firðinga fjölmenntu á Andrésar andar leikana sem haldnir voru á Akureyri um helgina. Óhætt er að segja mótið það vinsælasta á landinu meðal yngstu skíðaiðk-endanna og hefur svo verið í áratugi, en fjörtíu ár eru síðan það var fyrst haldið. Alls voru kepp-

endur frá SFÍ 80 talsins og kepptu þeir í skíðagöngu, alpagreinum og á bretti. Krakkarnir í hópnum komu frá Ísafirði, Bolungarvík og Þingeyri. Hinn akureyrski Andrés önd heldur áfram að vaxa og dafna og var í fyrsta sinn boðið upp á leikjabraut fyrir 5 ára börn og voru nokkrir iðkendur úr

Skíðafélaginu sem nýttu sér það. Allir voru sælir og rjóðir eftir sólríka daga í fjallinu, búnir að eignast nýja félag og sumir með verðlaun í farteskinu og kom hópurinn heim með 13 gullpen-inga, 11 silfur og 12 brons.

annska@bb.is



Yngstu keppendur í alpagreinum á Andrésarleikunum taka á móti viðurkenningu fyrir þátttöku.

Skotvopnanámskeið og veiðikortanámskeið



UMHVERFISSTOFNUN

ÍSAFJÖRÐUR

STAÐSETNING Fræðslumiðstöð Vestfjarða

VEIÐIKORTANÁMSKEIÐ 10. maí kl. 17:00-23:00


SKOTVOPNAN BÓKLEGT 19. ágúst kl. 18:00-22:00
20. ágúst kl. 10:00-14:00

SKOTVOPN VERKLEGT Á viðurkenndu skotsvæði

Veiðikortanámskeiðið kostar kr. 14.900
Skotvopnanámskeiðið kostar kr. 20.000

Skráning og nánari upplýsingar á www.veidikort.is

Þátttakendur á skotvopnanámskeiðum þurfa að skila inn sakavottorði, læknisvottorði og passamynd til skrifstofu sýslumanns fyrir námskeiðin. Læknisvottorðið þarf að vera sérstaklega útfært vegna skotvopnaleyfis.



Fólk flykkist í bæinn vegna Fossavatnsgöngunnar



Þau eru ófá handtökin sem þarf að inna af hendi fyrir stórvíðburði líkt og Fossavatnsgönguna, sér í lagi vilja þau vera mörg á síðustu metrunum, þar sem passa þarf upp á að allt verði eins og best verð-

ur á kosið þegar keppendur hrannast í fjallið og eru undirbúningsaðilar í óða önn þessa dagana að sjá til þess að allt verði klárt á fimmtudaginn þegar flautað verður til fyrstu keppninnar. Ekki eru það

einungis þeir sem undirbúa mótið sem eru að setja sig í stellingar, heldur á það einnig við ferðaþjónustuaðila, líkt og þá sem selja gistingu og segja má að Fossavatnsgangan fyrir marga sé sá víðburður sem

markar upphaf sumarvertíðar í ferðabransanum.

Um 1000 manns eru skráðir til leiks í Fossavatnsgönguna að þessu sinni og segir Daníel Jakobsson, einn af skipuleggjendum að von sé á um

800 manns til Ísafjarðar, þar af um 500 erlendum gestum af 25 þjóðernum, svo það er ljóst að það verður líf og fjör í Skutulsfirði næstu dagana.

annska@bb.is



Gústaf Óskarsson og
Kristbjörg Markúsdóttir



Römm er sú taug

Fyrir rúmum áttatíu árum eða árið 1933 fæddist þeim hjónum Óskari Jensen og Hansínu Hannibalsdóttur lítill drengur, hann var vatni ausinn og gefið nafnið Gústaf, þá bjuggu þau við Hnífsdalsveg „á loftinu“ eins og kallað var. Fyrir áttu þau hjón Aðalheiði sem nú er látin, en Málfríður sem nú býr í Danmörku og Anna

Júlía sem býr í Hafnarfirði komu í heiminn í húsi sem þau hjón byggðu og kallað er Sjónarhóll. Óskar sá um smíði hússins og uppsláttinn en Hansína bar í fötu allan sand og mól í steypuna neðan úr fjöru. Húsið var í smíðum á árunum 1933 til 1937 og búið var á neðri hæðinni meðan efri hæðin var byggð. Ómar sem var

ýngstur þeirra systkina, fæddist meðan fjölskyldan bjó í Betaníu í Önuðarfirði.

Hansína Hannibalsdóttir var fædd á Flateyri en fluttist sem barn með fjölskyldu sinni að Betaníu og þegar foreldrar hennar brugðu búi tóku þau Hansína og Óskar við búskapnum. Erfða-prinsinn Gústaf sem þá var um

fermingaraldur var ekki sáttur við þennan ráðhag enda þurfti hann að leggja niður skólagöngu til að sinna bústörfum með foreldrum sínum. „Mamma var frekar stjórnsöm, jafnvel sérvitur, hún tók það í sig að taka við búinu og henni varð ekki haggð“ segir Gústaf.

Gústaf er að fjórða parti Fær-

eyingur því föðuraði hans kom frá Færeyjum. Óskar faðir Gústafs var fæddur á Íslandi en þegar hann var aðeins sjö ár gamall lést móðir hans og þá var hluti af systkinahópnum sem taldi níu börn sendur til Færeyja. Gústaf telur að Jens Færeyingur hafi ákveðið að halda eldri börnunum eftir á Íslandi því þau var hægt að



nota til vinnu. Þeim yngstu, Gústaf og þremur bræðum hans ásamt Hertu litlu systur átti að senda til ættingja í Færeyjum. Ferja þurfti þetta móðurlausa smælki á litlum árabát út í skip sem lagði úti í firði. Herta litla var ekki sátt við þessa hreppaflutninga á sér og þegar árabáturinn var rétt lagður frá landi henti hún sér yfir borðstokkinn og dreif sig aftur í land. Herta var rétt um fimm ára gömul þegar þetta gerðist.

Í Færeyjum dvaldi Óskar til tvítugs, þá kom hann aftur til Íslands og ruglaði saman reitum sínum við hana Hansínu frá Flat-eyri. „Pabbi kláraði prentnám, kunni bæði að setja og stýra prentvélum. Og þegar fyrsta setjaravélin kom til Ísafjarðar, þá var hann annar þeirra sem voru sendir á námskeið til að læra á hana, hann starfaði sem prentari hjá Ísrún á Ísafirði. Þar var honum svo sagt upp og þá snéri hann sér að búskapnum í Betaníu“. Árið 1952 hætta þau búskap og fara frá Betaníu og suður en ári síðar taka þau sig upp og flytja til Danmerkur, þá var Ómar einn eftir í foreldrahúsum. Óskar fékk vinnu við sitt fag í Danmörku en jafnhliða „stúderaði“ hann heimspeki að hætti Martinúsar. Í Danmörku bjuggu þau í þrjú ár, fluttu síðan heim og hann fór að

vinna í Ísafold.

Þremur árum eftir að Gústaf brosti til veraldar á loftinu við Hnífsdalsveg dró til tíðinda í Torfneshúsinu þegar glaðlynd stúlka, Auður nokkur Ólafsdóttir ól í heim þennan stúlubarn sem fékk nafnið Kristbjörg. Faðirinn Markús Þórðarson og Auður höfðu ekki verið gefin í heilagt hjónaband og lágu leiðir þeirra ekki lengur saman en þann tíma sem það tók að geta þennan litla lausaleiksróa. Auður hafði ekki tök á að sinna um litlu stúlkuna og fól föður sínum, Ólafi nokkrum er bjó í Fölsfæti, að ala barnið upp. „Ég er sko fótungur“ segir Kristbjörg kímín. Ólafi til halds og trausts við þetta verkefni var Sigurbjörg stjúpmóðir Auðar en Auður hafði eins og Kristbjörg litla verið getin utan við lög og rétt. Því miður lést Sigurbjörg þegar Kristbjörg var aðeins fjögurra ára gömul og jukust þá vandræði þessarar litlu stúlkunnar umtalsvert. Auður hafði á þeim tíma eignast lítinn dreng og var komin í kynni við mann úr Borgarnesi, Ragnar Ásmundsson frá Dal, hann var á þeim tíma búsettur suður með sjó. Auður tók hatt sinn og mal og lausaleiksbörnin sín tvö og skundaði suður. Þau skötu hjá fara síðar í Borgarnes því þarna nálgast

stríðið og ekki þótti gott að vera sjómaður á Suðurnesjum. Ásmundur í Dal, tengdafaðir Auður, gat útvegað Ragnari syni sínum ágæta pakkhúsvinnu. En sambúð þeirra Auður og Ragnars entist ekki lengi og eftir að þau skildu bætti hún við tveimur börnum, þeim Rögnu og Guðmundi.

Barnaskarinn skilinn eftir

Þegar Kristbjörg er 7 ára gömul kynnist Auður móðir hennar huggulegum Breta og stökk með honum til Englands. Íslenski barnaskarinn var skilinn eftir á klakanum en breska heimsveldinu ól hún síðar tvo pílta, þá Pétur og Kalla. Þeir bræður uppgötvuðu svo systkinaríkidæmi sitt á fullorðinsárum því Auður hafði ekki flíkað íslenskum börnum sínum í sínu nýja lífi en hún bjó í Englandi til æviloka.

„Þegar við erum farin að búa á Ísafirði kemur hann Kalli og hann vissi ekki fyrir en mörgum árum seinna að við værum systkin, ég hélt hann vissi þetta, að hann væri bróðir minn. Hann kom vestur að heimsækja ættingja, hann hélt að ég væri systir konunnar sem hann kom til.“ segir Kristbjörg og skellihlær.

Þegar Kristbjörg er spurð út í samband sitt við móður sína og hvort hún hafi ekki verið reið við

hana segir hún „Jú, auðvitað var ég það. Ég hafði voða lítið samband við hana en móðurfólkið mitt hélt sambandi við hana. Hún var sko skemmtilega frænkan í Englandi“. Engu að síður fóru þau Kristbjörg og Gústaf í heimsókn til Auðar. Synina sem hún eignaði í Englandi ól Auður upp þó ekki byggði hún lengi með föður þeirra.

Guðmundur bróðir Kristbjargar var skilin eftir hjá vin konu Auðar í Reykjavík en Ragna var gefin og ólst upp hjá vandalausum. Ólafur var sendur á Ísafjörð en þegar Ragnar faðir hans giftist aftur í Borgarnesi tekur hann Ólaf til sín. „Við Óli ólumst bæði upp í Borgarnesi, svo ég þekkti hann alltaf. Guðmundi kynnist ég seinna og líka Rögnu. Kristbjörgu var komið fyrir hjá fösturforeldrum, þeim Jóni Guðmundssyni og Ragnheiði Ólafsdóttur í Borgarnesi og ólst hún þar upp við mikinn kærleik. Öll halda þau systkin sambandi.

„Þegar við erum búin að vera einhvern tíma hér á Ísafirði og við áttum heima niðri Neðsta, þá er hringt í mig. Þá hafði eitthvað af Rögnu skyldfólki, það er að segja þeim sem ólu Rögnu upp, komist í samband við Dalsfólkið sem svo vísar þeim aftur til mín. En ég

þekkti ekki þetta Rögnunafn því Auður kallaði hana Elísabet eða Lísbet en fösturforeldrar hennar höfðu skírt hana Rögnu. Ragna býr í Bandaríkjunum en við erum í góðu sambandi“.

En ekkert barn er eingetið, ekki einu sinni lausaleiksbarn og hvar var Markús, faðir Kristbjargar þegar hún þvældist milli heimila? Honum kynnist Kristbjörg ekki fyrir en þegar hún var orðin fullorðin, þá var hann giftur maður og bjó í Stykkishólmi. „Þann legg hitti ég ekkert fyrir en ég var orðin fullorðin, pabbi á 5 dætur með konunni sinni og einn son sem lést sem ungur maður“. Kristbjörg segist vera í miklu og góðu sambandi við þessar fimm samfedra systur sínar, „mér fannst eins og ég hefði fundið týnda hlekkinn þegar ég kynnist Markúsi og hans fjölskyldu, Laufey konan hans var yndisleg kona“. Fyrir ekki svo löngu síðan uppgötvaðist einn bróðir í viðbót, sonur Markúsar sem hann átti áður en hann giftist Laufeyju.

Meira en hálfur aldar samband

Lambakóngurinn á loftinu og lausaleikskrönn úr Torfneshænum rugluðu saman reitum sínum og það er á heimili þeirra í Hveragerði sem tíðindamaður



Bæjarins besta rekur úr þeim garnirnar. Þau kynnast í Mjólkurstöðinni í Reykjavík þar sem gömlu dansarnir voru stignir og hófu búskap í Borgarnesi 1954. Árið 1955 fæðist þeim sonurinn Ólafur Jón og í kjölfarið raða þau niður myndarbörnum, á eftir Ólafi kemur Ragnheiður, þá Ósk, síðan Hans og Rúnar og lestina reka Áróra og Óðinn.

Kristbjörg hafði undirbúið sig fyrir framtíðina með dvöl á Varmalandi í húsmæðraskóla, hafði reyndar drauma um hjúkr-unarnám en lagði þau á hilluna. Gústaf tók upp skólagönguþráðinn um þrítugt þegar hann lauk landsprófi frá Miðskólanum í Borgarnesi. Það var mikill hörgull á kennurum á þessum tíma, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum og fór hann í kjölfarið að kenna. Hans fyrsta staða var í farskóla á Barðastrandahreppi í Barðastrandasýslu en þar kenndi Gústaf í einn vetur. Eftir það kenndi hann víða til dæmis í Borgarnesi og á Kleppjárnsreykjum. Fjórtán árum síðar gafst ómenntuðum kennurum tækifæri til að taka réttindanám, þetta tækifæri greip Gústaf og varð kennsla hans ævistarf.

Árin 1967–1971 bjuggu þau Kristbjörg og Gústaf á Drangnesi þar sem hann var skólastjóri

en 1971 flytja þau á Ísafjörð þar sem Gústaf kenndi við barnaskólann í 14 ár. Þá var barnaskóli og gagnfræðaskóli á Ísafirði og í Hnífsdal.

„Þá byrjuðu bæjaryfirvöld með eitthvað brólt með sameiningu skóla, mér fannst illa að þessu staðið svo ég hætti og við fluttum burt“ segir Gústaf.

„Jú, það var gott að vera á Ísafirði, við bjuggum fyrst í íbúð í Krambúðinni í Neðsta, mér fannst reyndar að ég væri ekkert á Ísafirði fyrr en ég var komin upp í bæjarbrekkuna, það var svo langt eitthvað niður í Neðsta“ segir Kristbjörg sem meðfram barneignum vann í Norðurtanga og líkaði bara vel. „Svo fór ég að vinna hjá Orkubúinu, í innheimtunni, það var líka mjög fínt að vera þar“

Þau hjónin tóku virkan þátt í félagslífi bæjarins, bygging Tónlistarskólans var þeirra hjartans mál sem þau sinnu bæði. Gústaf söng með öllum kórum sem hann komst í tæri við, til dæmis kirkjukórnum og Sunnukórnum og „svo lék ég sjálfan fjandann í Gullna hliðinu“ segir hann og ljós kom að hann var liðtækur á sviðinu með Litla leikklúbnum. „Svo tók ég þátt í Jörundi, Selurinn hefur mannsaugu, Minkarnir, Húrra krakki og fleiri stykkjum“.

Kristbjörg var í Kvenfélaginu Ósk fyrir utan það að starfa af heilum hug með samtökum um byggingu tónlistarskóla. Bæjaryfirvöld stóðu vel við bakið á þessu framtaki, „þó ég vorkenni Kristjáni Þór Júlíussyni sem

og var húsið sett í leigu. Þessi hreyfanlegu hjón pökkuðu nú saman þjónkum sínum og héldu þvert yfir landið, alveg á hitt hornið, til Djúpavogs þar sem þau voru eitt skólaár. Þaðan fóru þau svo í Hveragerði og voru þar



heilbrigðisráðherra, þá stóð hann sig býsna vel sem bæjarstjóri“ segir Gústaf. Þessir bæjarstjórar sem voru þarna stóðu sig bara vel. Svo var það hann Kristján Haraldsson orkubússtjóri, hann var einn af postulunum, en það var 12 manna stjórnarráð samtakanna um byggingu tónlistarskóla. Þegar kom að honum að baka lummur, gerði hann sér lítið fyrir og bakaði lummur í blindbyl og skafrenningi á miðju Silfurtorgi, og frá Útveggsbankanum, sem þá var í því húsi sem Sjóvá er núna, hljómuðu svo vinarvalsar.

Á með Kristbjörg og Gústaf bjuggu á Ísafirði höfðu þau keypt sér hús við Þvergötu, það var ekki hlaupið að því að selja hús þegar þau ákveða að fara frá Ísafirði

og þá lá auðvitað beinast við að skella sér aftur vestur og hóf Gústaf kennslu við grunnskólann á Ísafirði en Kristbjörg aðstoðaði við stjórn á Hlíff. Þegar Valdimar Gíslason skólastjóri á Núpi fór í námsleyfi vantaði skólastjóra við Grunnskóla Mýrarhrepps og skelltu þau Kristbjörg og Gústaf farangri í skottið og bjuggu á Núpi í eitt ár. Eftir veruna þar tók Gústaf síðan að sér kennslu víða um Vestfirði. Tvo vetur kenndi hann í grunnskóladeildinni í Hnífsdal og árið eftir snjóflóðin á Flateyri réði Björn Hafberg hann í skólann þar. Skólaárið 1995–1996 hafði reyndar Áróra dóttir þeirra Gústafs og Kristbjargar kennt á Flateyri. „Hún bjó í blokkinni, upp við fjallið, þegar flóðið féll og flutti eftir það á Grundarstíg, í húsið sem kallað er kennarahúsið“ Gústaf kenndi í tvö ár á Flateyri, fyrst undir stjórn Björns Hafbergs, síðan hjá Rósu. Áróra fór hins vegar suður eftir þennan vetur.

„Svo kenndi ég fjögur ár á Suðureyri“ segir Gústaf og þar býr Ólafur Jón elsti sonur þeirra ásamt Birnu Þorleifsdóttur konu sinni. „Það var afskaplega samviskusamur maður sem mokaði veginn til Suðureyrar og svo

í 3 ár. Þá barnahópurinn fluttur að heiman en Veigar barnabarn þeirra hefur verið mikið hjá ömmu sinni og afa.

Árið 1998 varð hreyfing á leigjendum í Þvergötu 5 á Ísafirði

komst ég á sérstakan samning við hann Söfus sem var með áætlanarbílinn milli Suðureyrar og Skutulsfjarðar. Ég fór bara alltaf með honum, hann var reyndar gamall nemandi frá Drangnesi“





Fyrir utan dvölin á Núpi bjuggu Kristbjörg og Gústaf á Ísafirði þetta seinna fjórtán ára úthald og keyrði Gústaf daglega á milli þegar hann kenndi í þorpunum í kring. Kristbjörg fór fljótlega að vinna sem mót-tökuritari á Sjúkrahúsinu.

Árið 2003 fékk Gústaf brjós-klos og fór í kjölfarið í aðgerð, þetta setti strík í reikninginn því á þeim tíma var hann hættur

að kenna og ætlaði að rækta garðinn sinn, bókstaflega. Ári seinna venda þessi hreyfanlegu hjón kvæði sínu í kross og halda aftur til Hveragerðis þar sem þau hafa nú komið sér fyrir í snotru parhúsi á vegum Búseta. Veigar barnabarn þeirra var þá fluttur í Hveragerði og hafði það eitthvað að segja í staðarvali. Í blómabænum una þau sér vel og hefur Gústaf vakið mikla aðdáun fyrir elju

sína í sundiðkun. Eldsnemma, alla daga og í öllum veðrum stormaði hann í eina fallegustu laug landsins, í Laugaskarði,



og synti nokkrar ferðir. Hann veiktist fyrir nokkrum árum og hefur þurft að láta af þessum meinholla sið. Sem fyrr eru þau miklir þátttakendur í nærsamfélagi sínu og tók Kristbjörg til dæmis að sér að stýra Félagi eldri borgara í Hveragerði í eitt kjörtímabil, félaginu stýrði hún af mikilli röggsemi. Kristbjörg segir að þetta öfluga félag skipti



þau miklu, bókmenntahópurinn og gönguhópurinn eru þeirra ær og kýr, svo ekki sé minnst á Hverafugla en það er kór eldri borgara í Hveragerði.

Í gróðurskála þeirra hjóna getur að líta plöntu sem alla jafna sést aðeins yfir jólahátíðina, þetta er feikna falleg 10 ára gömul jólarós sem Gústaf sinnir af stakri eljusemi, dimmir þegar það á við og tekst að láta hana blómstra ár eftir ár. Plantan hafði verið gefin af Garðyrkjustöð Ingibjargar fyrir jólabingó Félags eldri borgara og dagaði hún upp í félagsaðstöðu félagsins en Gústaf bjargaði henni heim.

Kristbjörgu og Gústaf er hlýtt til Vestfjarða og fylgjast vel með. „Ég vil ekki sjá fiskeldi í Jökulfjörðum“ segir Kristbjörg, þar setjum við mörkin. „Það var líka svolítið þannig að þegar göngin opnuðu þá voru nokkrir Ísfirðingar sem keyptu sér hús á Suðureyri því það var svo mikli húsnæði til þar. Þeir keyptu

frekar á Suðureyri heldur en í Hnífsdal. Þeir byggðu þarna í Hnífsdal á snjóflóðahættusvæði og svo voru húsin tekin burtu, blokkin brotin niður og þá er svo lítið eftir. Það er allt farið úr Hnífsdal, skólanum lokað, leikskólanum lokað, það er öllu lokað. Hann Jóakim Pálsson hringdi nú í mig í Orkubúíð á sínum tíma og sagði mér það að hann ætlaði ekkert að borga reikninginn sinn, því það væri búið að loka pósthúsinu“ segir Kristbjörg og hlær.

Kristbjörg saknar Silfurtorgs og miðbæjarins á Ísafirði, „það er enginn miðbær hérna í Hveragerði“ og þau eru sammála um það hjónin að það sé vel tekið á móti fólki á Ísafirði, þar þykir eðlilegt að fólk spjalli á förnun vegi, svona gerist þetta ekki á öðrum stöðum. Mannlífið er þéttara þarna fyrir vestan, hún Áróra okkar á marga vini eftir þetta eina ár á Flateyri.

Þar með kvaddi tíðindamaðurinn og hélt út í sunnlenska vorsól.



ÍSAFJARÐARBÆR

RÓMARSTÍGUR SUÐUREYRI, HELLULÖGN

Dagsetning opunar: 12. maí 2016

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Rómarstígur Suðureyri, hellulögn“.

Um er að ræða uppúrtekt, lagningu frárennslis og vatnslagna og hellulögn.

Helstu stærðir eru:

Frárennslislagnir: 62m

Gröftur 93 m³

Hellulögn 308 m²

Verkið skal vera að fullu lokið 15. september 2016.

Útboðsgögn verða afhent hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 28. apríl 2016. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 12. maí 2016 klukkan 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Sportið í beinni...

fimmtudagur 28. apríl

18:30 Dominos deild karla
19:00 Shakht Donetsk - Sevilla
19:00 Villarreal - Liverpool
19:00 Úrslitaleikur kvenna
19:00 Golf - PGA Tour
21:30 Pepsi deildin - Upph.
(OPIN DAGSKRÁ)

föstudagur 29. apríl

18:25 Augsburg - Köln
19:00 Golf - PGA Tour

laugardagur 30. apríl

10:00 Formúla 1: Rússland
12:50 Formúla 1: Rússland
13:25 Dortmund - Wolfsburg
13:50 Newc Utd - Cr Palace
13:50 Watford - Aston Villa
13:50 Everton - Bournemouth
13:50 Stoke City - Sunderland
13:50 WB Albion - West Ham
14:55 Real Betis - Barcelona
15:55 R Sociedad - R Madrid
16:20 Arsenal - Norwich City
17:00 Golf - PGA Tour
18:30 Dominos deild karla
18:40 Ítalski boltinn
21:10 Körfuboltakvöld

sunnudagur 1. maí

10:25 Juventus - Carpi
10:50 Swansea C - Liverpool
12:30 Formúla 1: Rússland
12:55 Man Utd - Leicester City
12:55 AC Milan - Frosinone
15:20 Southampt - Man City
15:45 Þróttur R. - FH
17:00 Golf - PGA Tour
19:45 Valur - Fjölnir
20:00 Golf - PGA Tour

mánudagur 2. maí

18:50 Chelsea - Tottenham
18:55 Napoli - Atalanta
19:00 KR - Víkingur
21:00 Messan
22:00 Pepsímörkin

þriðjudagur 3. maí

18:30 B Munchen - Atl Madrid
20:45 Meistaradeildarmörkin

miðvikudagur 4. maí

18:30 Real Madrid - Man City
20:45 Meistaradeildarmörkin

fimmtudagur 5. maí

19:00 Liverpool - Villarreal
19:00 Sevilla - Sh Donetsk
19:05 Breiðablik - Stjarnan
20:00 Golf - PGA Tour

Helgarveðrið

Á föstudag:

Norðlæg átt, yfirleitt hæg og víða bjart veður, en stöku el fyrir norðan. Heldur hlýnandi.

Á laugardag:

Norðlæg eða breytileg átt og bjartveðri að mestu, en skýjað við ströndina. Hiti 0 til 8 stig, svalasr NA-til.

Á sunnudag:

Breytileg átt, rigning með köflum um landið S-vert, en annars þurr að kalla.

Hiti breytist lítið.

Krossgátan



		SPIL	SNÍKILL	MÝKJA		STORMUR	RÍKI Í ARABÍU	ÞURKA ÚT
	HITA-EINING							
	ÁI				HLUTI VERKFÆRIS			
					GEIL			
	TUNGUMÁL							
	ÁHRIFA-VALD					KOMAST		
						FÁLMA		
	↓	LAND Í AFRÍKU	TVEIR EINS	ÁTT		FRÁ		
				FARFA		Hrukka	RA	BAND
SKEKKJA					BEITI-SIGLING			
					HJÁ			
ÆVIKVÖLD					FRAMKOMA			
					JAFNT			
VÖRU-MERKI			LÍMBAND				FÓSTRA	
			KÖTTUR				ÁNA	
TÆFA				INNYFLA			TVEIR EINS	
				SALT-PÉTUR			TVEIR EINS	
ELDSTÆÐI					HEIMSÁLFU			AF-HENDING
					STEIN-TEGUND			
		VERST				ÓFRÆGJA		
		SJÁ				NÓTERA		
ÞEKKI				TEMJA			BÁGINDI	STRÍÐA
HÓLMI			DJAMM			TANGI		
			SAKKA			MÓÐUR-LÍF		
BLÓÐSUGA				VEIKI				
				SAMTÖK				
NEYTA					VÆTL			
SLANGA					FLAT-ORMUR			

BÍLAVERID ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Hófu tökur á íslenskri vitasögu á Vestfjörðum



				SJÓ- MAÐUR	HELGÍ- TAKN	UMRÓT		ÆXLUNAR- KORN	PARMA	SPERGILL
				PRUMA	S	K	R	U	G	A
				HEILDUR	Æ	R	A	ÓÐAGOT GLEÐJAST	R	A
				FRUMEFNI	F	O	S	F	Ó	P
				SÓT	A	S	K	A	ÁTT KAUP	N
										A

Sudoku praতির

	3	5			6	2	9	1
		4			2		5	8
2	6		1	5				7
					4	3		5
7							4	2
		8	5	3	7			9
5		2	6	8			1	
			7	4				
3	4			1	5	9	8	6

		1		2		9		
		6	8		5	3		
					3			8
				5			3	2
4								5
6		8		4	2			
2	3					5		9
						2		
				1	4	8		

Nýverið hófust á Vestfjörðum tókur á heimildarmyndinni Ljós-
mál, sem fjallar um vita á Íslandi
og er gerð eftir handriti Kristjáns
Sveinssonar, sem einnig er höf-
undur bókarinnar Vitar á Íslandi.
Myndinni leikstýrir Önfirðingur-
inn Einar Þór Gunnlaugsson og
fóru tókur í þessari fyrstu hrinu
fram í Önundarfirði, Bolungarvík
og á Arnarnesi við Skutulsfjörð.
Framleiðendur hennar eru Dúi
Landmark og Sigurbjörg Árna-
dóttir og er áætlað að tókur fari
fram um allt land fram til ársloka.

Ljós máli er fyrsta íslenska heimildarmyndin sem í heild sinni fjallar um sögu vita og þann stóra þátt sem þeir eiga í strandmenningu og sögu landsins. Vitar á Íslandi eru vel áannað hundrað talsins og eru þeir að langmestu leiti í eigu ríkisins, en einhverjir í eigu sveitarfélaga og einkaaðila. Sögur vitanna eru fjölbreyttar, allt frá aðdraganda þess að þeir voru reistir, hönnun



Tökur við Arnarnesvita.

þeirra, eignarhaldi, staðsetning-
um og áhrifa þeirra á mannlíf
og tækniþekkingu í landinu.

annska@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

Atvinna

Laus störf hjá Ísafjarðarbæ. Sumarstörf og
framtiðarstörf.

Nánari upplýsingar á www.isafjordur.is

Þjónustauglýsingar

PRENTUM ALL MILLI HIMINS



JARÐAR



Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

**Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði**
www.verkvest.is



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- *sjálfbær nýting sjávarauðlinda*



1. MAÍ

Tökum öll þátt í kröfugöngu stéttarfélaganna.

Union members! Show solidarity and take part in the parade.

Wszyscy bierzemy udział w pochodzie związków zawodowych

Lagt verður af stað frá Baldurshúsinu, Pólgötu **kl. 13:45**. Gengið verður að Pólgötu og þaðan niður að Edinborgarhúsi með Lúðrasveitina í fararbroddi.

Dagskráin í Edinborgarhúsi:

Lúðrasveit tónlistarskólans:

Stjórnandi Madis Maekalle

Ræðumaður dagsins:

Finnbogi Sveinbjörnsson formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Söngatriði:

Stúlknatríóið HIK syngur nokkur lög

Jafnrétti og margbreytileiki:

Sædis María Jónatansdóttir áhugakona um jafnréttismál.

Tónlistatriði:

Sindri Freyr Sveinbjörnsson, Ísland got talent stjarna, spilar og syngur.

Tónlistatriði:

Blúshljómsveitin Akur flytur nokkur lög.

Kaffiveitingar í umsjón Slysavarnardeildarinnar lóunnar

í Guðmundarbúð, Sindragötu 6, að hátíðarhöldum loknum.

Kvikmyndasýningar fyrir börn

í Ísafjarðarbíói kl. 14:00 og 16:00

Hátíðarhöld á Suðureyri:

14:00. Kröfuganga frá Brekkukoti.

Boðsund barna í Sundlaug Suðureyrar.

Félagsheimili Súgfirðinga:

Kaffiveitingar.

Ræða dagsins:

Finnbogi Sveinbjörnsson formaður VerkVest.

Tónlistarflutningur / söngur barna.

HIK söngur stúlknatríói.

Allir velkomnir - Baráttukveðjur

1. maí nefndir Ísafirði og Suðureyri

**VERK
VEST**